

327. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 12. ÁGÚST 2021 KL. 9:30
haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Yfirferð á stöðu fjármála
 - b) Umsókn vegna sameiningar prestakalla
 - c) Saurbær á Hvalfjarðarströnd
 - d) Umboð
- 3) Kirkjuþing
 - a) Mál sem voru afgreidd á kirkjuþingi 2021 í júní 2021
 - b) Yfirferð forseta kirkjuþings
- 4) Stefnumótun hjá þjóðkirkjunni
- 5) Tæknistefna Biskupsstofu
- 6) Önnur mál
 - a) Skrifstofustjóri Biskupsstofu
 - b) Ráðningarsamningar presta á prestssetrum

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn.

Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, settur skrifstofustjóri Biskupsstofu, Ásdís Clausen, fjármálastjóri og séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Undir lið 2a sátu jafnframt séra Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings, séra Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti, séra Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum auk Guðmundar Þórs Guðmundssonar, lögfræðings kirkjuþings og Drífu Hjartardóttur, forseta kirkjuþings, sem jafnframt sátu fundinn undir liðum 2d, 3 og 4.

Bjarni Snæbjörn Jónsson, Hjalti Hugason og Ingunn Ólafsdóttir og sátu fundinn undir lið 4 og Hermann Björn Erlingsson, verkefnastjóri upplýsingatæknimála sat fundinn undir lið 5.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Yfirferð á stöðu fjármála

Fjármálastjóri ræddi um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, verkefnastöðu ýmissa mála á fjármálasviði og svaraði fyrirspurnum. Kynnt var uppgjör fyrstu sex mánaða ársins. Sex mánaða uppgjórið sýnir verulegan árangur við viðsnúning í fjármálum Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu.

b) Umsókn vegna sameiningar prestakalla

Lögð var fram umsókn vegna sameiningar prestakalla á Akureyri og í Eyjafirði.

Kirkjuráð samþykkti að vísa umsókninni til úthlutunarnefndar.

c) Saurbær á Hvalfjarðarströnd

Á síðasta fundi kirkjuráðs var framkvæmdastjóra falið að kalla eftir skýringum leigutaka á landi Saurbæjar vegna framkvæmda og starfsemi á leigulandinu. Við nánari skoðun á leigusamningi þykir ekki ástæða til frekari aðgerða hvað þetta varðar.

d) Umboð

Rætt var um fyrirliggjandi umboð framkvæmdastjóra kirkjuráðs og skrifstofustjóra Biskupsstofu frá 11. desember 2019. Lagt var til að umboðið yrði rýmkað svo það næði einnig til undirritana á lánaskjölum vegna endurfjármögnunar lána, þegar um ræðir lán sem Jöfnunarsjóður sókna hefur gengið í ábyrgð fyrir og ráðstöfunin felur ekki í sér frekari skuldbindingar en eldra lánið.

Kirkjuráð ásamt forseta kirkjuþings samþykktu að núverandi umboð skuli einnig ná til þess að skuldbinda Þjóðkirkjuna-Biskupsstofu sem sjálfskuldaradila í stað Jöfnunarsjóðs sókna, þegar um ræðir endurfjármögnun lána sem Jöfnunarsjóður sókna er í ábyrgð fyrir. Lánin mega

þó aldrei vera hærri eða á nokkurn hátt óhagstæðari þó heimilt sé að bæta lántökukostnaði við lánin.

3. KIRKJUÞING

a) *Mál sem voru afgreidd á kirkjuþingi 2021 í júní sl.*

1. mál.

Þingsályktun um kjarasamning Prestafélags Íslands og kjaranefndar kirkjunnar fyrir hönd Þjóðkirkjunnar - Biskupsstofu

Kjaranefnd kirkjunnar hefur samkvæmt starfsreglum, óskorað umboð til að koma fram sem samningsaðili fyrir hönd Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu gagnvart stéttarfélögum hlutaðeigandi starfsfólks eða öðrum þeim sem umboð hafa til slíkrar samningsgerðar. Samningar kjaranefndar skulu þó undirritaðir með fyrirvara um samþykki kirkjuþings. Kjarasamningur ásamt bókunum og fylgiskjölum var borinn upp til atkvæðagreiðslu og samþykktur en samningurinn var undirritaður 1. júní sl.

2. mál.

Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa

Prestafélag Íslands og starfskostnaðarnefnd kirkjuþings náðu samkomulagi um fyrirkomulag hluta starfskostnaðar starfandi presta varðandi akstur og síma, sbr. minnisblað frá 27. maí 2021 en það telst hluti af kjarasamningi PÍ og ÞB. Sátt er um að starfskostnaði sé til framtíðar best fyrir komið innan kjarasamnings en ekki í starfsreglum kirkjuþings og eðlilegt sé að þeir liðir sem samið er um núna falli úr starfsreglum um starfskostnað presta og prófaste.

Starfsreglurnar á heimasíðunni kirkjan.is hafa verið uppfærðar í samræmi við breytinguna.

3. mál.

Þingsályktun um aðhaldsaðgerðir í fjármálum þjóðkirkjunnar

Þingsályktunin felur í sér að nýráðningar til starfa hjá Þjóðkirkjunni – Biskupsstofu, skuli stöðvaðar að svo stöddu. Ályktunin fellur úr gildi 1. nóvember 2021.

4. mál.

Tillaga til þingsályktunar um sölu fasteigna Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu

Málinu var vísað til næsta þings.

5. mál.

Þingsályktun um fjárstjórn kirkjuþings til bráðabirgða

Málið var samþykkt með breytingartillögu sem felur í sér að kirkjuþing 2021 samþykkir að forseti kirkjuþings sitji mánaðarlega fundi kirkjuráðs þegar fjármál kirkjunnar eru rædd. Þetta fyrirkomulag gildi til 1. nóvember nk. eða þar til framtíðarskipan mála verður ákveðin.

b) *Yfirferð forseta kirkjuþings*

Forseti kirkjuþings fór yfir væntanlegt aukakirkjuþing sem fyrirhugað er að halda föstudaginn 27. ágúst nk. kl. 10, reglulegt kirkjuþing sem kemur síðan saman í haust og greindi frá fyrirliggjandi málum.

4. STEFNUMÓTUN HJÁ ÞJÓÐKIRKJUNNI

Dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson kynnti stöðu stefnumótunarvinnu fyrir þjóðkirkjuna og næstu skref í þeirri vinnu. Hugmyndir sem snúa að breyttu skipulagi yfirstjórnar kirkjunnar verða kynntar á kirkjuþingi 27. ágúst nk.

5. TÆKNISTEFNA BISKUPSSTOFU

Verkefnastjóri upplýsingatækni kynnti tæknistefnu Biskupsstofu 2021.

6. ÖNNUR MÁL

a) Skrifstofustjóri Biskupsstofu

Ragnhildur Ásgeirsdóttir, nýr starfsmaður Biskupsstofu og skrifstofustjóri í afleysingum, var kynnt til starfa.

Ragnhildur var boðin velkomin til starfa.

b) Ráðningarsamningar presta á prestssetrum

Séra Arna Grétarsdóttir, kirkjuráðsfulltrúi, vakti athygli á því að þeir prestar sem eru að færast á ráðningarsamning úr kerfi skipunar, hafa ekki fast land undir fótum varðandi búsetu á prestssetrum, vegna þess að hvergi er getið um búsetuna í drögum að nýjum ráðningarsamningum.

Biskup mun skoða málið með mannauðsstjóra Biskupsstofu og framkvæmdastjóra kirkjuráðs, fyrir næsta fund kirkjuráðs.

Fundi slitið kl. 15:42.

Næsti reglulegi fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 30. ágúst nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir